

Nd.

257. Frumvarp til laga

[6. mál]

um söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

Samhljóða þskj. 6 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum söngmálastjóra og biskups Íslands að ráða menn til aðstoðar söngmálastjóra við raddþjálfun og söngkennslu.

Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra.

4. gr. hljóðar svo:

Þjóðkirkjan starfrækir tónskóla, sem söngmálastjóri veitir forstöðu. Skal skólinn vera búinn nauðsynlegum hljóðfærum til kennslu og æfinga.

Hlutverk tónskólans er að veita verðandi og starfandi kirkjuorganistum menntun í orgelleik, söngstjórn, raddþjálfun, litúrgíu, tónfræði, hljómfraði, tónheyrn og öðru því, er að kirkjutónlist lýtur.

Skólanefnd skipa 3 menn: Starfandi prestur tilnefndur af biskupi Íslands, kennari í messusöng við Háskóla Íslands og maður tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

Kostnaður við stofnbúnað og rekstur tónskólans greiðist úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.

Heimilt er ráðherra að setja ákvæði um að nemendur skólans greiði skólagjöld.

5. gr. hljóðar svo:

Þeir sem æskja inngöngu í Tónskóla Þjóðkirkjunnar hafi meðmæli sóknarprests síns.

7. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 73 27. júní 1941 um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.